

## S A M Þ Y K K T

## um lokunartíma sölubúða í Keflavíkurhreppi.

## 1. gr.

Sölubúðum í Keflavíkurhreppi skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

## 2. gr.

Alla virka daga árs skal sölubúðum lokað eigi síðar en klukkan 7 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en klukkan 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnunni eigi síðar en klukkan 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í hreppnum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er hreppsnefndinni heimilt að ákveða að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en klukkan 7 síðdegis og opnaðar síðar en klukkan 8 árdegis.

## 3. gr.

Almenna helgidaga og annan ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. Ef annan ágúst ber upp á sunnudag skulu allar sölubúðir lokaðar þriðja ágúst.

## 4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á þeim dögum, er taldir eru í 3. gr. frá klukkan 9 til klukkan 11 árdegis og frá klukkan 3 til klukkan 5 síðdegis, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk og rjóma.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til lyfjasölu.

## 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum úti, eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfstölu, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

Heimilt er þó að selja einnig eftir þann tíma kol, salt, veiðarfæri og vistarforða handa skipum og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

## 6. gr.

Menn, sem að komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnun eða fyrirtæki, sem að dómi lög-  
reglustjóra horfir til almenningsheilla.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum og renna sektirnar í hreppssjóð.

Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lög-  
reglumál.

## 9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1935.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Keflavíkurhrepps samkv. lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 94, 3. maí 1935, staðfestist hérmeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Legat Guðmundar Magnússonar 78  
prófessors og Katrínar Skúladóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af 2. júlí  
dóms- og kirkjumálaráðherra 2. júlí 1935.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.

## 1. gr.

Sjóður þessi, sem er stofnaður með erfðaskrá Guðmundar prófessors Magnússonar og konu hans, Katrínar Skúladóttur, dagsettri 18. janúar 1922, og með 50000 — fimmtíu þúsund — króna gjöf, samkvæmt bréfi til háskólaráðs, dags. 3. nóv. 1922, nefnist legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

A. Samkvæmt útskrift úr skiptabók Reykjavíkur nettóerfð kr. 38195.10 — þrjátíu og átta þúsund eitt hundrað níutíu og fimm krónur og 10 au.